

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

9. fundur stjórnar L.H. haldinn á Akureyri 24. júní 1995.

Í gær skoðaði stjórn L.H. Vindheimamela og Melgerðismela með heimamönnum á hvorum stað. Jafnframt voru haldnir fundir með forsvarsmönnum staðanna og staðarval næsta landsmóts rætt. Þessir fundir og skoðunarferðir heppnuðust mjög vel og voru móttökur Skagfirðinga og Eyfirðinga með ágætum. Minnispunktar (fundargerð) vour skrifaðir og lesnir fyrir fundarmenn. Minnispunktarnir og umræðurnar sem fram fóru eru trúnaðarmál milli aðila.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Kristmundur Halldórsson, Sigfús Guðmundsson, Sigurður Þórhallsson.

2. Formaður lagði fram nokkur bréf varðandi mál Hinriks Bragasonar vegna Gýmismálsins.

M.a. liggur fyrir bréf frá FEIF dags. 06.06.95 þar sem samtökin fara fram á að L.H. beiti áhrifum sínum í því að Hinrik keppi ekki á Heimsmeistaramótinu í Sviss sem haldið verður 1.-6. ágúst n.k.

Stjórnin hefur kynnt sér umrædd bréf og felur formanni og varaformanni að svara bréfi FEIF og ræða við Hinrik Bragason.

3. Staðarval Landsmóts 1998. Í framhaldi af skoðunarferð og fundum í gær ræddi stjórnin enn frekar staðarval landsmóts. Umræðurnar tóku mið af því sem fram kom í skoðunarferðum. Guðmundur hóf umræðuna og síðan gerði hver og einn stjórnarmaður grein fyrir skoðun sinni á málinu.

Umræðurnar leiddu í ljós að ekki er einfalt mál fyrir stjórnina að taka ákvörðun um staðarval landsmótsins 1998 á Norðurlandi. Gert var hlé á umræðum í hádeginu og haft samband við fulltrúa Eyfirðinga og þeir beðnir að koma til fundar við formann og varaformann L.H. til þess að upplýsa nokkur atriði varðandi mótssvæðið á Melgerðismelum.

Eftir þessar viðræður var stuttur framhaldsfundur stjórnar þar sem formaður og varaformaður kynntu viðræður sínar við Eyfirðinga. Formaður sleit síðan fundi og héldu sunnanmenn suður á bóginn en Halldór í Pingeyjarsýslu.

Halldór Gunnarsson
Guðbrandur Kjartansson
Sigfús Guðmundsson

Sigbjörn Björnsson
Kristmundur Halldórsson
Guðmundur Jónsson